

## Innvigtun mjólkur og nýting greiðslumarks

### INNVIKTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2023 OG 2024


Heildarinnvigtun aðildarfélaga SAM árið 2024 var 153,6 milljónir lítra. Innvigtun jókst um 2.136.337 lítra lítra milli ára, eða 1,4%. Framleiðsla árið 2024 var hærri en nokkru sinni áður. Mánaðarleg innvigtun síðustu tveggja ára er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Samanburður á innvigtun eftir mánuðum árin 2023 og 2024, lítrar.

| Mánuður   | 2023        | 2024        | Mismunur  | Mismunur % |
|-----------|-------------|-------------|-----------|------------|
| Janúar    | 12.241.710  | 12.642.316  | 400.606   | 3,3%       |
| Febrúar   | 11.888.974  | 12.320.578  | 431.604   | 3,6%       |
| Mars      | 13.440.966  | 13.257.361  | -183.605  | -1,4%      |
| Apríl     | 12.822.270  | 13.917.318  | 1.095.048 | 8,5%       |
| Maí       | 14.343.690  | 14.321.212  | -22.478   | -0,2%      |
| Júní      | 13.381.436  | 13.043.532  | -337.904  | -2,5%      |
| Júlí      | 12.978.270  | 13.926.189  | 947.919   | 7,3%       |
| Ágúst     | 12.774.470  | 12.656.736  | -117.734  | -0,9%      |
| September | 11.858.525  | 11.682.227  | -176.298  | -1,5%      |
| Október   | 11.922.042  | 11.866.300  | -55.742   | -0,5%      |
| Nóvember  | 11.542.215  | 11.562.278  | 20.063    | 0,2%       |
| Desember  | 12.228.540  | 12.363.398  | 134.858   | 1,1%       |
| Samtals   | 151.423.108 | 153.559.445 | 2.136.337 | 1,4%       |

### VIKULEG INNVIGTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2022 - 2024


Vikuleg innvigtun mjólkursamlaganna sveiflast yfir árið. Mest var innvigtun þriðju viku maí en minnst um miðjan október. Innvigtun um miðjan október 2024 var 82% af hámarksinnvigtun í byrjun maí.



Mynd 1: Vikuleg innvigtun mjólkur


## INNVIKTUN OG FJÖLDI MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

Meðalinnvigtun á hvern framleiðenda var 332.365 lítrar árið 2024 og jókst um 15.329 lítra frá árinu 2023. Á síðustu tíu árum, frá árinu 2014, hefur meðalinnvigtun aukist um jókst meðalinnvigtun á hvern framleiðenda um 128.665 lítra eða um 69%. Á sama tíma fækkaði framleiðendum um að meðaltali 18 á ári, en árið 2024 fækkaði um 18 framleiðendur. Yfirlit um þróun á meðalinnvigtun og fjölda framleiðenda er sýnd á mynd 2.



Mynd 2: Fjöldi mjólkurframleiðenda og meðalinnvigtun árin 1980 – 2024.

Frá 1980 til 2024 hefur innvegið mjólkurmagn hjá afurðastöðvum landsins aukist um 43%, eða úr 107 í rúmlega 153,5 millj.lítra. Á sama tíma fækkaði mjólkandi kúm um 24% og losun gróðurhúsalofttegunda, að öðru jöfnu, lækkað um svipað hlutfall. Yfirlit um þróun fjölda mjólkurkúa og heildarinnvigtunar frá 1980 til 2024 er sýnt á mynd 3.



Mynd 3: Fjöldi mjólkurkúa og heildarinnvigtun árin 1980 – 2024.

## NÝTING GREIÐSLUMARKS VERÐLAGSÁRIÐ 2024

Samkvæmt uppgjöri sem unnið er af SAM, byggt á upplýsingum frá Matvælaráðuneytinu 21. janúar 2025, var skráð framleiðsla mjólkur árið 2024 alls 153.678.618 lítrar, en nýtt greiðslumark verðlagsársins samkvæmt lokauppgjöri ráðuneytisins var 151.502.131 lítrar. Skráð nýting greiðslumarks var 2.131 lítrum umfram greiðslumark samkvæmt þeirri skilgreiningu Matvælaráðuneytisins.

Öllum sem taka mjólk til vinnslu er skylt að skila skýrslum um magn móttækinnar mjólkur til Matvælaráðuneytisins. Nýting greiðslumarks verðlagsárið 2024 samkvæmt upplýsingum frá Matvælaráðuneytinu er sýnd í töflu 2, ásamt magni mjólkur sem skráð var nýtt utan afurðastöðva sem eiga aðild að SAM (líklega nýtt til heimavinnslu).

Tafla 2. Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2024.

| Skýringar                          | Framleitt innan greiðslumarks | Framleitt umfram greiðslumark | Framleitt alls     |
|------------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|--------------------|
| Innvigtun hjá Auðhumla svf         | 133.110.351                   | 1.958.842                     | 135.069.193        |
| Innvigtun hjá Mjólkursamlag KS     | 18.272.607                    | 217.645                       | 18.490.252         |
| Greiðslumark skráð nýtt hjá öðrum: | 119.173                       | 0                             | 119.173            |
| <b>Samtals</b>                     | <b>151.502.131</b>            | <b>2.176.487</b>              | <b>153.678.618</b> |

Heimild: Matvælaráðuneytið og aðildarfélag SAM.

## ÞRÓUN INNVIGTUNAR, GREIÐSLUMARKS OG UMFRAMMJÓLKUR 2012 - 2024

Yfirlit um þróun skráðrar mjólkurframleiðslu, greiðslumarks, umframmjólkur, heimavinnslu og sértækra ráðstafana er birt í töflu 3 hér á eftir. Upplýsingar um skráða mjólkurframleiðslu hvers árs koma frá Matvælaráðuneytinu. Skráð heimavinnsla er það magn mjólkur sem heimavinnsluaðilar gefa upp að þeir hafi nýtt til vinnslu, en sértækar ráðstafnir eru aðgerðir vegna náttúruhamfara.

Tafla 3. Þróun innvigtunar, greiðslumarks og umframmjólkur 2012 - 2024

| Ár   | Skráð mjólkurframleiðsla | Innan greiðslumarks | Umfram greiðslumark | Skráð heimavinnsla | Sértækar ráðstafnir |
|------|--------------------------|---------------------|---------------------|--------------------|---------------------|
| 2012 | 125.159.990              | 114.500.000         | 10.659.990          | 37.272             | 29.730              |
| 2013 | 122.984.859              | 116.000.000         | 6.984.859           | 39.636             | 32.700              |
| 2014 | 133.573.812              | 125.000.000         | 8.573.812           | 27.470             | 32.607              |
| 2015 | 146.054.236              | 140.000.642         | 6.053.594           | 36.745             | 16.942              |
| 2016 | 150.399.221              | 135.999.999         | 14.399.222          | 76.740             | 0                   |
| 2017 | 151.204.701              | 144.000.001         | 7.204.700           | 87.836             | 0                   |
| 2018 | 152.501.074              | 145.017.229         | 7.483.845           | 92.094             | 0                   |
| 2019 | 151.864.653              | 145.000.001         | 6.864.652           | 25.985             | 0                   |
| 2020 | 151.196.908              | 145.000.000         | 6.196.908           | 16.760             | 591.047             |
| 2021 | 148.858.856              | 144.999.999         | 3.858.857           | 31.108             | 0                   |
| 2022 | 148.036.032              | 146.504.650         | 1.531.382           | 69.118             | 0                   |
| 2023 | 151.512.332              | 149.000.001         | 2.512.331           | 89.225             | 0                   |
| 2024 | 153.678.618              | 151.502.131         | 2.176.487           | 119.173            | 0                   |